

## AUGLÝSING

### um tollamál

#### 1. gr.

Eftirtalin atriði skal tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn innflytjanda eða firma hans, heimilisfang og fyrirtæja- eða nafnúmer.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar þar sem tollafgreiðsla á að fara fram og hvenær þær komu þangað (heiti fars, komudagur, vörugeymsla, farmskrárnúmer eða sendingarnúmer o.þ.h.).
3. Stykkjatölu og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o.s.frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar. Ennfremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins um frágang tollskjala.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í far sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt, ásamt gengi viðkomandi myntar.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru.
11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru.
12. Tollverð, tollverðsgengi, þar sem það á við, og toll og önnur lögboðin gjöld sem greiða skal við innflutning á vöru.
13. Önnur atriði, sem varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o.þ.h. og eyðublöð, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að tilgreind verði.

#### 2. gr.

Eftirtalin atriði skal tilgreina í vörureikningi:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o.þ.h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar á og tollskrárnúmer hvernar vörutegundar samkvæmt tollskrá (sex tölustafa númer).
6. Framleiðsluland vörunnar.

7. Söluverð herrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd herrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif, o.þ.h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um, að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari og að vörurnar séu tilgreindar með því verði sem greitt er eða greiða ber fyrir.

## 3. gr.

Í stað frumrits eða samrits vörureiknings getur tollstjóri tekið við vörureikningi sem sendur er innflytjanda með fjarskiptum (telefax) enda séu í honum veittar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. gr.

## 4. gr.

Reglugerðir, auglýsingar og reglur hvers konar, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 120, 31. desember 1976 um tollskrá o.fl., lögum nr. 59, 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 60, 11. júní 1947 um tollvörugæmslur, með síðari breytingum, svo og reglugerð nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerð nr. 38/1969 um afhendingu aðflutningsskjala til tollmeðferðar, reglugerð nr. 257/1970 um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, reglugerð nr. 258/1970 um ritun auðkennisnúmera innflytjanda á aðflutningsskýrslu, auglýsing nr. 92/1972 um ritun tollskrárnúmera á vörureikning, reglugerð nr. 124/1938 um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga og auglýsing nr. 188/1969 um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði tollalaga nr. 55, 30. mars 1987, uns nýjar reglur og fyrirmæli hafa verið gefin út.

## 5. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. 148. gr., sbr. 2. mgr. 150. gr., tollalaga nr. 55, 30. mars 1987 og skal gilda frá og með 1. september 1987.

*Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1987.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## REGLUR

**um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaðíla og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EBE.**

## 1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis við innflutning á upprunavörum frá EFTA- og EBE-löndum gegn framvísun á vörureikningi með yfirlýsingu útflytjenda um uppruna vöru, sbr.